

## **Borgarstjórn Reykjavíkur**

**4. nóvember 2025**

### **B1 – Breytingartillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um álagningarhlutfall fasteignaskatta 2026**

Borgarstjórn samþykkir að lækka álagningarhlutfall fasteignaskatta á íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði fyrir árið 2026 þannig að áætlaðar tekjur af fasteignasköttum hækki ekki á milli áranna 2025 og 2026.

Álagningarhlutfall fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði verði lækkað úr 0,18% í 0,162% og álagningarhlutfall fasteignagjalda á atvinnuhúsnæði lækki úr 1,6% í 1,522%. Lóðarleiga íbúðarhúsnæðis lækki úr 0,2% í 0,177%. Lóðarleiga atvinnuhúsnæðis lækki úr 1% í 0,974%.

Tillagan felur í sér að áætluð lækkun fasteignagjalda á næsta ári nemi rúmum 2,1 milljarði króna og skiptist þannig að tekjur vegna íbúðarhúsnæðis lækka um 940 milljónir, tekjur vegna atvinnuhúsnæðis lækka um 977 milljónir og 191 milljón vegna lækkunar lóðarleigu.

### **Greinargerð**

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun birti í lok maí nýtt fasteignamat fyrir árið 2026. Niðurstaðan er að fasteignamat íbúðarhúsnæðis í Reykjavík hækkar að meðaltali um 9,9% á næsta ári. Fasteignamat íbúðarhúsnæðis í Reykjavík hefur hækkað mjög undanfarin ár. Árið 2025 hækkaði fasteignamatið um 2,5%, árið 2024 hækkaði fasteignamatið um 13,4% og árið áður 2023 var hækkunin 22%. Þróunin nær lengra aftur í tímann. Árið 2026 mun fasteignamat atvinnuhúsnæðis í Reykjavík hækka um 3,8%. Hér í Reykjavík hefur álagningarhlutfall fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði 0,18% og atvinnuhúsnæði 1,6% staðið óbreytt þrátt fyrir hækkun fasteignamats. Þetta hefur leitt til þess að skattstofninn hefur stækkað mjög og upphæð innheimtra fasteignagjalda hækkað ár frá ári þótt þjónusta borgarinnar við hvert heimili og eigendur atvinnuhúsnæðis sé í grunninn óbreytt. Þessi aukna skattheimta er mjög íþyngjandi fyrir heimilin og fyrirtækin í borginni. Sér í lagi eftir langvarandi hátt vaxtastig og verðbólgu. Framsókn telur rétt að íbúar fái að njóta góðs af bættum rekstri síðasta árs og því sé rétt að lækka álagningarhlutfall fasteignagjalda.